

**38. stjórnarfundur Austurbrúar, haldinn miðvikudaginn 15. Október
2014 kl. 16:00**

Fundargerð

Fundurinn er haldinn í húsnæði Austurbrúar að Vonarlandi á Egilsstöðum.

Mættir: Sveinn Jónsson (SJ), Jón Björn Hákonarson (JBH), Þórunn Egilsdóttir (ÞE), Sæunn Stefánsdóttir (SS), Berglind Hasler (BH), Karl Lauritzson (KL), Páll Baldursson (PB). Berglind Hasler (BH) ritaði fundargerð

Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÞ) starfandi framkvæmdastjóri sat fundinn. Skúli Björn Gunnarsson formaður starfsháttanefndar kom inn undir lið 5 í dagskránni.

Dagskrá:

1. Grunnstaða Austurbrúar
2. Minnispointar frá fyrri stjórn til nýrrar stjórnar
3. Yfirlit yfir stöður verkefna
4. Drög að samkomulagi á milli Donnegal, Vesterålen og Austurbrúar
5. Tillögur starfsháttanefndar, Innleiðingaráætlun – fyrstu drög
6. Skipað í stjórn Gunnarsstofununar
7. Næsti fundur stjórnar
8. Önnur mál



Jón Björn Hákonarson setti fundinn og bauð alla velkomna.

1. Grunnstaða Austurbrúar

Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdarstjóri Austurbrúar fór yfir fjárhagsstöðu stofnunarinnar og starfsmannamál. Jóna kynnti jafnframt drög að sex mánaða uppgjöri og gerði grein fyrir alvarlegri fjárhagsstöðu. Umræður sköpuðust um leiðir til að vinna á fortíðarvandanum og með hvaða hætti best sé að halda áfram. Ljóst þykir að stofnunin þarf 50 milljónir króna til að halla velli út næsta ár. Rætt um hugsanlega sölu á fasteign sem stofnunin á á Egilsstöðum. Samþykkt var að selja bíl framkvæmdarstjórans, á honum hvílir tveggja milljón króna lán og kaupa ódýrari bíl. Fundurinn veitti framkvæmdarstjóra heimild til að hækka yfirdráttarheimild Austurbrúar til að bregðast við bráðavandanum

2. Minnisþing frá fyrri stjórn til nýrrar stjórnar

JÁÐ fór yfir minnisþinga sem teknir voru saman af fyrri stjórn um stöðu mála til nýrrar stjórnar.

3. Yfirlit yfir stöður verkefna

JÁÐ fór yfir verkefnastöðu stofnunarinnar

4. Drög að samkomulagi á milli Donnegal, Vesterålen og Austurbrúar

Fundurinn lýsti yfir ánægju með verkefni og var samþykkt því að halda því áfram.

5. Tillögur starfsháttanefndar, Innleiðingaráætlun – fyrstu drög

Skúli Björn mætti á fundinn klukkan 18:00 og fór yfir innleiðingaráætlun sem unnin var af starfsháttarnefnd.

6. Skipað í stjórn Gunnarsstofnunar

Stjórn skipar Sigríði Sigmundsdóttur í stjórn Gunnarsstofnunar og Hafliða Halldórsson til vara.

7. Næsti fundur stjórnar

Ákveðið er að hafa næsta fund eftir tvær vikur og boða alltaf varamenn á fundi til að byrja með.

8. Önnur mál

a. Samningur við SSA

Jóna Árný fór yfir þá umræðu sem átt hefur sér stað á milli Austurbrúar og formanns SSA varðandi verkefni og áherslur í verkefnaumsjón SSA næstu misseri. Stjórn Austurbrúar samþykkir að bjóða SSA að Björg Björnsdóttir

taki verkefnastjórn sveitastjórnarmála. JÁÐ er falið að ganga frá samningum við SSA þess efnis.

b. Upplýsingamiðstöð Austurlands

Jóna Árný kynnti stöðu og málefni Upplýsingarmiðstöðvar Austurlands. JÁÐ var falið að vinna málið áfram.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundir slitið kl. 18:30

Jón Björn Hákonarson

Sæunn Stefánsdóttir

Þórunn Egilsdóttir

Sveinn Jónsson

Berglind Hasler

Karl Lauritzson

Páll Baldursson

Sigrún Birna Björnsdóttir

